



SKÓLANEFND HRUNAMANNAHREPPS

9. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026 haldinn mánudaginn 22.janúar 2024, kl. 15:00 í Flúðaskóla.

Mættir eru: Katrín Þorvaldsdóttir formaður, Elvar Harðarson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir auk fulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir. Auk þeirra sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnarsdóttir skólastjóri Flúðaskóla, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólksFlúðaskóla, Margrét Sævarsdóttir fulltrúi foreldra Flúðaskóla og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Í upphafi fundar bar formaður upp tillögu um að Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, myndi rita fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða. Hér var gengið til dagskrár:

- 1. Erindi frá sveitarstjórni Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem vísað var til skólanefndar af sveitarstjórni Hrunamannahrepps þann 7. desember 2023, lagt fram. Í erindinu kemur fram ósk um breytingu á núverandi samningi um skólagöngu nemenda frá Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Flúðaskóla sem snýr að því að ekki verði sendir fleiri árgangar til náms á elsta stigi Flúðaskóla.**

Formaður kynnti erindið og fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps í skólanefnd kynntu sjónarmið sveitarfélagsins varðandi málid.

Skólastjóri fyrir hönd stjórnenda Flúðaskóla leggur fram eftirfarandi bókun vegna erindisins:

Fyrir hönd stjórnenda í Flúðaskóla, sem auk mín eru Árni Þór Hilmarsson, aðstoðarskólastjóri og Kolbrún Haraldsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, lýsum við yfir miklum vonbrigðum með vinnubrögð undanfarinna mánaða vegna fyrirhugaðra breytinga á skólamálum, sem sveitarstjórni Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur kynnt. Við undrumst algjoran viðsnuning á málefnum frá því núverandi sveitastjóri og skólanefndarformaður (Skeiða- og Gnúpverjahrepps) heimsóttu okkur í aðdraganda sveitastjórnakosninga vorið 2022. Einnig það samtal sem átti sér stað í kjölfar þessara sömu kosninga. Það er í okkar huga í raun með ólíkindum að álika viðsnuningur hafi átt sér stað miðað við þau samtöl sem við áttum á þeim tíma.

Eftir að ákvörðunin var tekin hjá sveitastjórni Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur að okkar mati verið unnið alltof hratt að meðferð málsins. Við hörmum að ekkert samtal hafi átt sér stað um þessa stóru ákvörðun eða að leitað hafi verið álits okkar fagmannna sem vinnum með unglingsunum daglega, og höfum gert undanfarna áratugi. Þar sem ósk sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og ákvörðun um slit á samningi, um skólagöngu nemenda á elsta stigi, hefur í för með sér miklar breytingar hefði verið skýrsamlegt að ræða útfærslu á framhaldi samstarfsins, en slikt samtal hefur því miður ekki enn átt sér stað.

KP BH AE
[Handwritten signatures]
M.S. JT
DBR

Í Flúðaskóla er til staðar mikill mannauður, reynsla og þekking á starfi með unglungum en því má m.a. þakka farsælu rúmlega 50 ára samstarfi sveitarfélaganna. Við bendum á að á þessum 50 árum hefur Flúðaskóli styrkt félagsleg samskipti unglunga í sveitarfélögunum og verið vettvangur nýrra kynna og traustra sambanda sem hafa haldist sterkt inn í framtíð þeirra. Það að hitta aðra unglunga í öðrum skólum, í nokkur skipti yfir skólaárið, kemur alls ekki í staðinn fyrir dagleg samskipti og samvinnu unglunga varðandi félagsþroska. Með stærri bekkjardeildum teljum við nemendur betur undirbúna fyrir framtíðina og vísum við í því sambandi til skýrslu Gerðar Óskarsdóttur um safnskóla, en þar segir: „Með stofnun safnskóla á unglingastigi má gera ráð fyrir fjölbreyttara námsframboði, sterktari faggreinakennslu, faggreinakennurum, meiri sveigjanleika í skipulagi skólastarfs, öflugra félagslífi og fleiri úrræðum bæði kennslufræðilegum og félagslegum ásamt hagkvæmari nýtingu fjármagns.“

Þar sem okkar álíts eða starfskrafa hefur ekki verið óskað í þessu ferli þar til nú (og þá af sveitastjórn Hrunamannahrepps) teljum við okkur knúin til þess að koma skoðunum okkar á framfæri til þeirra sem valdið hafa. Það er okkar mat að mál af þessum toga þarfist meiri undirbúnings og samráðs. Berum við þá von í brjósti að tekið verði tillit til sjónarmiða okkar og að sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps fresti fyrirhuguðum áformum um slit á samstarfi vegna nemenda á elsti stigi grunnskóla þar til frekara samtal og undirbúningsvinna hefur átt sér stað.

Fyrir hönd skólastjórnenda Flúðaskóla,
Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri.

Formaður skólanefndar leggur fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var af fulltrúum Hrunamannahrepps:

Skólanefnd tekur undir þau rekstrarlegu og kennslufræðilegu sjónarmið sem fram koma í bókun skólastjórnenda varðandi málíð.

Ósk um breytingu á samningnum ber brátt að og ljóst er að afleiðingar slíkra breytinga yrðu ekki í samræmi við efni þess samnings sem í gildi er milli sveitarfélaganna. Skólanefnd telur að tveggja ára undirbúningstími frá því að uppsögn á samningi berst og þar til hún tekur gildi sé eðlilegur og góður fyrirvari við jafn stórum breytingum og hér um ræðir.

Því getur skólanefnd ekki mælt með því við sveitarstjórn að samið verði um styttri uppsagnartíma heldur en samningurinn kveður á um.

Fulltrúar Skeiða og Gnúpverjahrepps lögðu í kjölfarið fram eftirfarandi bókun:

Það er vilji okkar að þið horfið með okkur til framtíðar og mætið ósk okkar, um breytingu á núverandi samningi, af skilningi og velvilja.

Eins og fram kemur í erindi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dagsett 5. desember síðastliðinn þá óskum við eftir áframhaldandi öflugu og góðu samstarfi ásamt því að efta enn frekar samstarf við skólasamfélögin í nágrenna-sveitarfélögunum. Í breytingum felast tækifæri og áskoranir sem við tökumst glöð á við afjákvæðni.

Vilborg Ástráðsdóttir
Sigriður Björk Gylfadóttir

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:19

Katlin Þorvaldsd.

*Jónna Lísa Arnardóttir
Björk Gylfadóttir
Vilborg Ástráðsd.
Hallgrímur Þorvaldsd.
Margret Þorvaldsd.
Ríkharður Þorvaldsd.
Alexandra Rós Jónnesdóttir
Aldis Hafsteini*